

# Sýningastandar

Niðurstaða



Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa, skipulags, byggingar og borgarhönnunar  
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar  
Borgartún 12 - 14  
105 Reykjavík  
Apríl 2014

Óskað var eftir hugmyndum um sýningastanda fyrir myndlistar-, ljósmyndasýningar o.fl. utanhúss til sýningahalds víðs vegar um borgina. Reykjavíkurborg valdi þrjá hönnuði sem var boðið að taka þátt samkvæmt forsögn. Eftirtaldir hönnuðir voru valdir: Birgir Teitsson arkitekt sem myndaði teymi með Söru Axelsdóttur arkitekt, Hildur Steinþórsdóttir arkitekt og Krístrún Thors vöruhönnuður sem saman mynda teymið = TOG og Sigga Heimis iðnhönnuður sem myndaði teymi með David Sandahl.

Markmiðið var að leita eftir hugmyndum og ná fram sem bestri lausn bæði hvað varðar fyrirkomulag sýningastandanna í borgarlandinu og fjölbreytilegra möguleika á sýningarhaldi.

Eftirtaldir flokkar voru hafðir til hliðsjónar við mat á hönnuninni:

Aðlögun að borgarlandinu  
Fyrirkomulagi  
Fjölbreytileiki  
Útlit  
Hentugleiki  
Kostnaður

Þess utan var hönnuðum gert að huga að:

Lýsingu  
Verðurfarslegum aðstæðum í Reykjavík  
Staðsetningum í borgarlandinu

Er öllum þátttakendum þakkað þeirra framlag en alls bárust þrjár tillögur eins og óskað var eftir.

Matsnefnd kom sér saman um að velja tillögu 13378 til áframhaldandi hönnunar.

Það er skoðun matsnefndar að tillagan uppfylli vel þau skilyrði sem sett voru fram í forsögninni. Í hönnuninni er skírskotað til íslenskrar náttúru og fellur hönnunin vel að borgarlandi og borgarrýmum Reykjavíkur. Var talið til mikils kostar hönnunarinnar að hún nýttist sem annars konar götugagn þegar hlutverk hennar sem sýningastandur er ekki í gangi og getur hún því staðið ein og sér á milli sýninga. Nýtingarmöguleikar eru því fjölbreytilegir og fyrirkomulag, hvort sem er á staðbundnu sýningasvæði eða annars staðar í borginni, ákjósanlegt.

Áferð stöpsuls/bekkjjar er að mati dómnefndar falleg og leggur matsnefnd áherslu á að að léttleiki hönnunarinnar haldi sér í lokaútfærslu. Steyptur bekkurinn er léttur þrátt fyrir þungt efnisval. Sýningaflötur virkar sömuleiðis léttur þar sem loft er á milli myndar og myndaramma. Lokaútfærsla verður á höndum hönnuða tillögunnar en verður unnin í nánú samráði við hönnuði Reykjavíkurborgar þar sem meðal annars verður hægt að móta betur áferð og mögulega lit steypunnar. Í lokahönnun verða að sama skapi skoðaðar mögulegar sólarcellur vegna lýsingar sýningaflatarins. Sýningastandurinn ræður við vindálag og er sýnt fram á það í útreikningum hönnuða. Hugað er að flutningi og samsetning er einföld.

Leitað var til þeirra ráðgjafa sem tilgreindir voru í forsögn hugmyndaleitarinnar til þess að fá fram fagleg álit þvert á svið Reykjavíkurborgar.

Nafnleynd var rofin af skipulagsfulltrúa Reykjavíkur Birni Axelssyni í votta viðurvist og voru það Hildur Steinþórsdóttir og Krístrún Thors sem áttu hönnunina.

Í kjölfarið verður samið við tillöguhöfunda tillögu 13378 um fullnaðarhönnun sýningastandanna.

Matsnefnd skipuðu: Pálmi Freyr Randversson (formaður), Hildur Gunnlaugsdóttir, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Hrólfur Jónsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir.